



Alþingi
Erindi nr. Þ 135 / 1849
komudagur 19.3.2008

Skrifstofa rektors

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 17. mars 2008
Tilv.: 0803014

Efni: Tillaga til þingsályktunar um sjávarlíffræðisafn og rannsóknasetur á Akureyri, 116. mál.

Háskólinn á Akureyri þakkar fyrir tækifærið að fá að senda umsögn um ofangreint frumvarp og er umsögn háskólans eftirfarandi:

Háskólinn á Akureyri fagnar því að til umræðu sé að koma á fót sjávardýrasafni og rannsóknasetri tengt því um líffræði og nýttjar hafsins. Nánast frá stofnun háskólans hefur sjávarútvegsfræði verið kennd þar og á síðustu árum hafa bæst við líftækni með áherslu á sjávarlíftækni og umhverfis- og orkufræði. Athygli er einnig vakin á að öflugt kennaranám er starfrækt við háskólann. Allt eru þetta námssvið sem myndi verða mikill styrkur í því að hafa aðgang að sjávarlíffræðisafni og rannsóknasetri. Slíkt gæti að öllum líkindum fjölgað nemendum, eflt kennslu og laðað að hæft og vel menntað starfsfólk. Aðstaða sem þessi myndi einnig efla mjög alþjóðasamstarf við háskólann eins og lýst er í tillögunni.

Íslenskt samfélag er nokkuð sérstakt að því leyti að þrátt fyrir að hafið sé enn okkar mikilvægasta tekjulind er almennur áhugi á hafinu lítill. Það er sannfæring okkar við HA, að safn af þessu tagi geti með tímanum kveikt áhuga á ýmsu markverðu sem um er að vera í hafinu. Almenn er einnig viðurkennt að raunvísinda- og náttúrufræðamenntun á Íslandi megi bæta talsvert. Safn af þessu tagi gæti orðið mikilvægur liður í náttúrufræði- og raunvísindakennslu á öllum skólastigum.

Akureyri er kjörinn staður fyrir safn af þessu tagi. Sjávarútvegur hefur ætíð verið mikilvægur í Eyjafirði og einnig hefur fjölbreytt fiskeldi sprottið þar upp á síðustu árum. Þar er einnig góður aðgangur að ýmsu því sem mikilvægt er safni af þessari stærðargráðu, og má þar nefna heitt og kalt vatn og ódýrt rafmagn. Fjöldi ferðamanna á leið um svæðið og fer fjölgandi einkum á stórum skemmtiferðaskipum, en farþegar þeirra hafa eflaust margir áhuga á því að sjá með eigin augum þær lífverur sem á kreiki eru undir skipinu. Svæðið er einnig það fjölmennt að hægt væri að viðhalda rekstri yfir vetrartímann þegar dregur úr ferðamannastraumi. Margfeldisáhrif af safni sem þessu eru ótvíræð og ná langt út fyrir Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið. Í því sambandi er hægt að vísa til reynslu af sérstæðum söfnum á svæðinu, samanber Vesturfarasafnið á Hofsósi, Hvalasafnið á Húsavík og Síldarminjasafnið á Siglufirði.

Við viljum einnig vekja athygli á því að Akureyri er miðstöð fyrir alþjóðlega starfsemi sem tengist heimskautamálefnum en tilvalið væri einmitt að þema slíks safns og seturs á Akureyri væri lífríki hafsins við heimskautin. Hafið úti fyrir Eyjafirði er einnig




Skrifstofa rektors

baráttuvöllur kaldra og hlýrra hafstrauma og er þar að finna bæði fisktegundir frá hlýrri hafsvæðum sem og hreinar heimskautategundir. Nú á tímum hlýnandi loftslags ætti safn af þessu tagi sem og öflug rannsóknamiðstöð að geta dregið að sér athygli erlendis frá, bæði ferðamanna og vísindamanna.

Rannsóknastarfsemi tengd norðurlóðamálefnum er mjög vaxandi, safni á Akureyri yrði gagnkvæmur styrkur að starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar, Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, Háskólans á Akureyri, Matís og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Nálægð er við flugvöll, samgöngur eru greiðar, ferðamannastraumur á svæðinu er mikill árið um kring og þannig mætti áfram telja. Allir þessir þættir samanlagðir styrkja þann grunn sem viðamikil safnahugmynd, á borð við þessa, þarf að byggja á.

Háskólinn á Akureyri mælir með að umrædd þingsályktunartillaga verði samþykkt.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Gunnarsson, rektor